

Glatt á hjalla

Fréttabréf Hjallasafnaðar ágúst/september 2010



„Sannleikurinn mun gera yður frjálsa.“ Jóh. 8:32



Eitthvað fyrir alla krakka

Í Hjallakirkju er unnið öflugt starf meðal barna og unglunga. Starfið byggir á kristnum grunni og markmiðið er að öll börn og unglingar geti notið sín í starfi kirkjunnar. Ekkert kostar að taka þátt í starfinu. Starf kirkjunnar er spennandi og allir ættu að geta fundið sig í því.

Yfirskrift vetrarins er 24/7 sem minnr okkur á stöðuga elsku Guðs gagnvart okkur mönnum, alla daga, allan sólarhringinn. Starfið fer fram undir stjórn æskulýðsfulltrúa og allir leiðtogar Hjallakirkju hafa tekið þátt í leiðtoganámskeiðum til að auka færni sína í starfi.

Barna og æskulýðsstarf kirkjunnar er aldurskipt og fer fram á eftirtöldum tímum:

Sunnudagaskólinn: Margir eiga góðar minningar frá sunnudagaskólanum. Hann er ætlaður fyrir yngstu börnin og foreldra. Mikið er lagt upp því að syngja, börnin heyra sögu og oft koma brúður í heimsókn. Sunnudagaskólinn í Hjallakirkju er alla sunnudaga kl. 13.

Kirkjuprakkarar: Starf fyrir 6-8 ára börn fer fram undir heitinu kirkjuprakkarar. Þeir eru á tveimur stöðum; í Hjallakirkju á fimmtudögum kl 16–17 og í Snælandsskóla í stofu D1 á þriðjudögum kl. 16–17.

Ævintýraklúbbur: Spennandi starf fyrir 9–12 ára þar sem ýmislegt ævintýralegt er gert. Ævintýraklúbbur hittist í Hjallakirkju á mánudögum kl. 16–17.

Æskulýðsfélag fyrir 8. bekk: Æskulýðsfélagið er fyrir alla unglunga og eru fundir öll fimmtudagskvöld kl. 20 í Hjallakirkju.

Æskulýðsfélag fyrir 9.–10. bekk: Æskulýðsfélag fyrir eldri unglunga er í samstarfi við Digraneskirkju og hittist félagið alla þriðjudaga kl. 19:30 í Digraneskirkju.

Category: Fermingarstarfið

Fermingarfræðslan 2010–2011

Fermingarfræðslan hér í Hjallakirkju hófst með árlegu ágústnámskeiði dagana 16–19. ágúst. Fermingarfræðslan hér í Hjallakirkju hófst með árlegu ágústnámskeiði dagana 16–19. ágúst. Hluti af fermingarbörnum vetrarins hófu þá fræðslu sína og kom í kirkjuna þessa daga. Á námskeiðinu var ýmislegt gert, unglungarnir höfðu á kvikmynd sem byggir á Jóhannesar-guðspjalli og kynntust þannig sögunni um Jesú. Einnig var fjallað bæni, bíblíuna og margt annað sem viðkemur kristinni trú. Hjálparstarf og kristniboð voru kynnt og unglungarnir fengu að kynna vinasöfnuði Hjallakirkju í Kenýja. Vikan í ágúst var ein-

staklega ánægjuleg og við í Hjallakirkju hlökkum til að vinna meira með þessum skemmtilegu og áhugasömu unglungum. Þau sem hafa ekki skráð sig í fræðsluna en vilja taka þátt geta skráð sig með því að hafa samband á opnunartíma kirkjunnar, þriðjudaga til fimmtudaga kl. 10–16, föstudaga kl. 11–14. Þau sem hefja fræðslu í september mæta þrisvar sinnum í september til að ná krökkunum sem sátu ágústnámskeið. Þau munu svo sameinast ágústhópnum í október. Ákveðnir hafa verið fermingardagar árið 2011: Fermt verður sunnudagana 10 apríl, fyrir og eftir hádegi, og 17. apríl, fyrir og eftir hádegi.



Kirkjuprakkarar í Snælandsskóla

Barna- og Æskulýðsstarfið

Æskulýðsfulltrúi – samstarf Hjalla- og Digranessafnaða

Þráinn Haraldsson, guðfræðingur, hefur gegnt starfi æskulýðsfulltrúa Hjallakirkju undanfarnin ár.

Nú í sumar gekk Hjallakirkja til samstarfs við Digranes-söfnuð í æskulýðsmálum og tók Þráinn við starfi sameiginlegs æskulýðsfulltrúa beggja safnaða. Æskulýðsfulltrúi hefur umsjón með barna- og æskulýðsstarfi safnaðanna og annarri þjónustu við börn og unglunga.

Æskulýðsfulltrúi sinnir einnig sálgaeslu í söfnuðunum og tekur á móti unglungum sem leita til hans. Það er von okkur að þetta nýja fyrirkomulag komi til með að auka enn og styrkja þjónustu Hjallasafnaðar við börn og unglunga í hverfinu.

Fræðslustarf

12 spora hópar

Sem fyrr verður boðið upp á Tólf spora hópastarf í kirkjunni í vetur.

Hér er um að ræða áhrifaríka og góða leið til að bæta sjálfan sig og samskipti við aðra. Sporin tólf sem margir þekkjast úr AA-starfinu eru notuð á þessu andlega ferðalagi sjálfskoðunar og endurhæfingar. Þetta námskeið er hins vegar ekki bundið því að fólk þekki sporin, þangað eru allir velkomnir hver sem bakgrunnur þeirra er. Farið verður yfir kynningarefnið á fjórum fundum sem verða kl. 20 á miðvikudögum og verður fyrsti fundur þann 22. september. Á þessum fyrstu fundum er kynnt hvernig unnið er í Tólf sporunum eftir bókinni Tólf sporin – Andlegt ferðalag, og gefst fólk kostur á að átta sig á hvort þessi vinna hentar því og hvort það vilji vera með á ferðalaginu. Á fjórða fundi er ákvörðun tekin og eftir það

verður hópnum lokað. Unnið er í litlum hópum. Efnin er lesið heima, spurningum svarað og síðan deilir hópurinn með sér niðurstöðunum. Lögð er áhersla á nafnleynd og trúnað. Enginn þarf að skilgreina sig fyrirfram, þ.e. enginn þarf að hafa nein skilgreind vandamál, fíkn eða slíkt heldur aðeins að langa til að auka lífsgæði sín á félagslega og tilfinningalega sviðinu. Til frekari glöggvunar er hægt að kíkja á nánara lesefni á heimasíðu okkar undir eftirfarandi slóð: www.hjallakirkja.is/fraedslustarf. Við bendum sérstaklega á lesefnið Algennt hegðunarmynstur. Þá minnum við á heimasíðu tólf spora námskeiðanna: www.viniribata.is. Verið hjartanlega velkomin á sporafund.



Fjör á fjölskyldumorgni

Fjölskyldumorgnar

Fyrir foreldra og ungbörnin

Fjölskyldumorgnar hefja aftur göngu sína nú í haust, hvern miðvikudag kl. 10–12.

Allir foreldrar ungra barna eru velkomnir. Boðið upp á ávexti á hverri samveru. Af og til fáum við svo heimsókn frá aðilum með fræðslu eða kynningu á ýmsum efnum er tengjast

börnum og barnauppeldi. Þarna gefst gott tækifæri til kynnst öðrum og eiga góðar stundir í vinalugu umhverfi. Fyrsta samveran verður miðvikudaginn 1. september n.k.



Eldri borgara á Sólheimum í vorferð

Öldrunarstarff

Opið hús fyrir alla

Opið hús í Hjallakirkju er samvera eldri borgara í hádeginu annan hvern fimmtudag.

Þar hittumst við í safnaðarsalnum og borðum saman hádegismat sem seldur er á vægu verði. Gjarnan er farið með gamanmál eða fengnir gestir í heimsókn á þessum stundum. Oftar en ekki kemur fyrirlestur, hugleiðing eða ferðasaga frá þátttakendum Opna hússins.

Við endum svo alltaf með helgistund í kirkjunni. Miðað er við að samveran hefjist kl: 12 og ljúki svo um kl: 14. Opið hús fram að jólum verður eftirfarandi daga: 9. og 23. september, 7. og 21. október, 4. og 18. nóvember og svo jóla-samvera 2. desember.

Tónlistarstarf

Kórinn, tónlistarmessur og tónleikar

Starfsár Kórs Hjallakirkju hefst nú um mánaðarmótin og verður fjölbreytt að vanda. Kórinn er skipaður um 40 söngfélögum sem æfa einu sinni í viku og skipta með sér söng við athafnir á sunnudögum og hátíðum. Æfingabúðir eru tvisvar á vetri, að hausti langur laugardagur í Hjallakirkju og að vori ein helgi í Skálholti. Fyrir utan athafnasöng eru helstu fyrirhugaðu verkefni aðventu- og jólatónleikar 5. desember, jólasöngvar 19. desember, hátíðartónleikar vegna 10 ára afmælis orgelsins 27. febrúar og vortónleikar 17. maí. Kórinn getur bætt við sig einum bassa og einum alt. Nótalestur er æskilegur en ekki nauðsynlegur en tóneyra, góð rödd og áhugi á kórstarfi er skilyrði. Áhugasamir hafi samband við Jón organista á netfangið jon@hjallakirkja.is eða í síma 899-8965.

Tónlistarmessur verða einu sinni í mánuði eins og löng hefð er fyrir í Hjallakirkju. Í þessum messum er lögð meiri

áhersla á tónlistarflutning en við hefðbundna messu. Ýmist er um að ræða hljóðfæraleik, einsöng eða kórsöng. Fyrstu tónlistarmessurnar verða sunnudagana 28. september, 31. október og 28. nóvember.

Tónleikahald: Árlegir aðventu- og jólatónleikar Kórs Hjallakirkju verða sunnudaginn 5. desember kl. 20. Í febrúar eru fyrirhugaðir tónleikar alla sunnudaga, tvennir orgeltónleikar og tvennir kórtónleikar. Á þeim fyrri mun Kammerkór Hjallakirkju koma fram. Stærstu tónleikarnir verða 27. febrúar í tilefni 10 ára afmælis orgels Hjallakirkju. Þar mun Kór Hjallakirkju ásamt einsöngvurum og hljóðfæraleikurum flytja meðal annars Krýningar-messuna eftir Mozart og stóra lofsönginn Te Deum eða „Þig Guð lofum við“ sem Jón Þórarinnsson samdi að beiðni Jóns Ólafs organista Hjallakirkju og frumflutt var í endanlegri gerð við orgelvígsluna í febrúar 2001.

Helgihald

Messuhópar

Messur/guðsþjónustur eru í Hjallakirkju hvern sunnudag kl. 11. Um er að ræða fjölbreytt helgihald, alla jafnan leiðir kór kirkjunnar og organisti sálmasöng og flutning, en af og til koma barnakórar í heimsókn í messurnar. Þá mætir Þorvaldur Halldórsson einu sinni í mánuði til okkar og leikur undir og syngur svolítið aðra tegund sálmasöngs. Síðasta vetur var farið af stað með svokallaða messuhópa. Sú tilraun tókst vel og ætlunin er að messuhópar verði einnig

næsta vetur. Þá eykst þátttaka safnaðarfólks í helgihaldinu og það verður sýnilegra í öllum þáttum þess. Gert er ráð fyrir að um 5 hópar verði myndaðir með u.þ.b. 4–7 manns í hverjum. Þátttakendur munu t.d. annast ritningarlestra, undirbúa kaffi eftir messu, lesa bænir og margt fleira. Þau sem hafa áhuga á að taka þátt í messuhópi sem þessum er bent á að hafa samband við presta kirkjunnar. Allir áhugasamir á öllum aldri eru velkomnir í hópana.

Aðrar fréttir

Prestar í námsleyfi

Í vetur munu prestar kirkjunnar fara í námsleyfi, þó ekki á sama tíma. Sr. Íris Kristjánsdóttir fer í námsleyfi til Kanada frá september og fram yfir áramót, sr. Sigfús Kristjánsson fer í námsleyfi fyrstu þrjá mánuði

næsta árs. Sr. Sigurjón Árni Eyjólfsson, héraðsprestur, mun vera á vaktinni eina helgi í mánuði, annast helgihald og annað tilfallandi. Nánari upplýsingar veitir kirkjuvörður á opnunartíma kirkjunnar.

Skírnir í Hjallaprestakalli mars til júlí 2010

- 7. mars**
Emilía Dís Loftsdóttir
Foreldrar: Bergdís Heiða Eiríksdóttir og Loftur Ásmundsson
Þórður Atli Nielsen
Foreldrar: Anna Svava Þórðardóttir og Guðni Páll Nielsen
- 14. mars**
Þórunn Jónsdóttir
Foreldrar: Álfheiður Guðmundsdóttir og Jón Ingvar Bragason
- 20. mars**
Max Tristan Antonsson
Foreldrar: Theódóra Kjartansdóttir og Anton Sigurjónsson
- 27. mars**
Óskar Daði Sverrisson
Foreldrar: Sigrún Garðarsdóttir og Guðjón Sverrir Rafnsson
- 28. mars**
Björn Kári Sigurjónsson
Foreldrar: Aldís Rún Lárusdóttir og Sigurjón Björnsson
- 30. mars**
Eva Björk Austmann Heiðarsdóttir
Foreldrar: Bára Björk Elvarsdóttir og Heiðar Austmann Kristinsson
- 1. apríl**
Bylgja Ýr Þórarinsdóttir
Foreldrar: Ása Sæunn Eiríksdóttir og Þórarinn Hjálmarsson
Hendrikka Kristín Magnúsdóttir
Foreldrar: Barbara Lind Gíga og Magnús Guðnason
Margrét Anna Vilhjálmsdóttir
Foreldrar: María Lapas og Vilhjálmur Þór Arnarsson
- 5. apríl**
Adela Rós Elvarsdóttir
Foreldrar: Berglind Ellý Reynisdóttir og Elvar Halldórsson
- 17. apríl**
Haukur Kristinn Atlason
Foreldrar: Valgerður Helga Hauksdóttir og Atli Freyr Unnarsson
- 18. apríl**
Margrét Kolbrún Örvarsdóttir
Foreldrar: Kristín Lára Ólafsdóttir og Örvar Gestur Ómarsson
- 22. apríl**
Grétar Gylfi Kristófersson
Foreldrar: Margrét Elísa Gylfadóttir og Kristófer Helgi Helgason
Magnús Máni Magnússon
Foreldrar: Sigurbjörg Ýr Guðmundsdóttir og Magnús Helgason
Margrét Kristjánsdóttir
Foreldrar: Ragnhildur Hrönn Sigurðardóttir og Kristján Bjarni Guðmundsson
- 24. apríl**
Darri Kristmundsson
Foreldrar: Elin Erlendsdóttir og Kristmundur Davíð Ólafsson
- 1. maí**
Guðrún Fanney Briem
Foreldrar: Guðlaug Erla Jóhannsdóttir og Kjartan Briem
- 2. maí**
Rakel Sara Pétursdóttir
Foreldrar: Stefanía Reynisdóttir og Pétur Ingiberg Smárason
- 9. maí**
Birgir Kjartan Ísleifsson
Foreldrar: Ingibjörg Rós Kjartansdóttir og Ísleifur Birgisson
- 15. maí**
Birgir Elí og Andri Geir Sigurðsson
Foreldrar: Klara Ægisdóttir og Sigurður Heiðar Stefánsson
- 24. maí**
Sesselja Patrísía Erlingsdóttir
Foreldrar: Arna Björg Árnadóttir og Erling Þór Erlingsson
- 25. maí**
Breki Rafn Vignisson
Foreldrar: Lilja Björk Hauksdóttir og Vignir Þ. Hlökkversson
- 29. maí**
Natalía Brák Jónasardóttir
Foreldrar: Björk Ingadóttir og Jónas Eliasson
- 30. maí**
Logi Helgason Ísakson
Foreldrar: Bergrún Ísleifsdóttir og Helgi Már Ísakson
- 6. júní**
Arnar Dagur Óskarsson
Foreldrar: Silja Guðrún Sigvaldadóttir og Óskar Valdimarsson
Gabríela Wíium
Foreldrar: Thelma Rut Þrastardóttir og Orri Wíium
Gunnar Logi Guðmundsson
Foreldrar: Anna Stella Guðjónsdóttir og Guðmundur Árni Gunnarsson
- 12. júní**
Brynhildur Helga Róbertsdóttir
Foreldrar: Hjördis Zoëga og Róbert Smári Daðason
Óðinn Helgi Pálsson
Foreldrar: Ingibjörg Júlý Guðbjörnsdóttir og Páll Heiðar Halldórsson
- 17. júní**
Mikael Magni Guðmundsson
Foreldrar: Hildur Valgerður Heimisdóttir og Guðmundur Ragnar Björnsson
- 3. júlí**
Sara Björk Ingvarsdóttir
Foreldrar: Íris Lena Leósdóttir og Ingvar Þór Stefánsson
- 4. júlí**
Kristján Dagur Sigurðsson
Foreldrar: Hildur Kristjánsdóttir og Sigurður S. Hergeirsson
- 12. júlí**
Andrea Gunnsteinsdóttir
Foreldrar: Berglind Ósk Haraldsdóttir og Gumsteinn R. Ómarsson
- 17. júlí**
Alexander Máni og Patrekur Máni Kárasynir
Foreldrar: Birna Magnea Bogadóttir og Kári Þráinnsson
Sindri Rafael Baldvinsson
Foreldrar: Margrét Ásta Ívarsdóttir og Baldvin Már Hermannsson
- 18. júlí**
Ágúst Helgi Franklínsson
Foreldrar: Sólveig Hallsteinsdóttir og Franklín Jóhann Margrétarson
Bjartmar Óli Jónsson
Foreldrar: Margrét Þóra Guðmundsdóttir og Jón Kristinn Þórsson
Embla Dís Arnþórsdóttir
Foreldrar: Sigríður Ásta Zimsen Friðriksdóttir og Arnþór Magnússon
Stormur Leó Guðmundsson
Foreldrar: Guðrún Ása Kristleifsdóttir og Guðmundur Finnbogason
- 24. júlí**
Aron Logi Lúðvíksson
Foreldrar: Lis Ruth Kjartansdóttir og Lúðvík Aron Kristjánsson
Björn Breki Halldórsson
Foreldrar: Hrafnhildur Björnsdóttir og Halldór Sigurbjörn Guðjónsson
Heiður Helga Valgeirsdóttir
Foreldrar: Elín Högnadóttir og Valgeir Hilmarsson
- 25. júlí**
Pálmi Freyr Brynjarsson
Foreldrar: Sunna Guðný Pálmadóttir og Brynjar Þór Sumarhildason



Hjallakirkja

Álfheiði 17, 200 Kópavogur
Sími: 554-6716
Myndsendir/fax: 564-4201
hjallakirkja@hjallakirkja.is
Veffang: www.hjallakirkja.is

Opnunartími

Almennur opnunartími kirkjunnar er þriðjudaga til fimmtudaga frá 9–16 og föstudaga kl. 11–14.

Prestar kirkjunnar

Íris Kristjánsdóttir, iris@hjallakirkja.is og Sigfús Kristjánsson, sigfus@hjallakirkja.is. Símaviðtals tími á þriðjudögum, miðvikudögum og fimmtudögum kl. 11–12. Viðtalspantanir á opnunartíma kirkjunnar.

Starfsfólk

Inga Hrönn Pétursdóttir, kirkjuvörður, s. 867-0007, inga@hjallakirkja.is
Jón Ólafur Sigurðsson, organisti og kórstjóri, s. 899-8965, jon@hjallakirkja.is
Þráinn Haraldsson, æskulýðsfulltrúi, s. 866-0112, thrainn@hjallakirkja.is

Glatt á Hjalla 2. tbl. 18. árg. 2010

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Sr. Íris Kristjánsdóttir
Prentun: Svansprent
Hönnun: Matthias Wörle
Upplag: 2800 eintök
Forsíðumynd: Myndir úr ágústnámskeiði fermingarfræðslunnar

Glatt á hjalla er fréttabréf Hjallasafnaðar og er dreift í hvert hús í sókninni. Í fréttabréfinu að þessu sinni er kynning á vetrarstarfinu og því sem framundan er í starfi kirkjunnar. Geymið fréttabréfið og takið virkan þátt í starfinu.